

# Sýning Hrings

Hringur Jóhannesson virðist lengi hafa verið að leitast við að þróa með sér myndstíl sem rúmi marga þætti realisma (hlutveruleika), nakinn hrjúfan, blíðan, lýrskan, rómantískan og um leið nálgan kviku nútímamannsins. Hann er sér vel vitandi um vistfræðileg vandamál tímann en dregur þau ekki fram nema sem áherslu á myndrænu táknaði er hann hefur tamið sér. Slíkt táknaði mætti öðru fremur skilgreina þannig að það höfðaði til óvæntra sjónarhorna og er því í eðli sínu abstrakt — realismi frekar en bein og raunönn lýsing á því sem fyrir augu ber. Tæknisvið Hrings er ekki heldur af sömu gráðu og ýmissa nútímarealista og kemur það helst fram í því, að myndir hans margar þurfa ákveðna fjarlægð til að njóta sín og rýrna að tæknilegum gæðum með hverju skrefi sem áhorfandinn nálgast þær. Væri þetta sök sér ef ekki kæmi til að þessu er þveröfugt farið með marga realista óviðjafnlegs handbragðs, — því nánar sem rýnt er því meir undrast maður t.d. hvað varðar myndir amerikamannsins **Andrews Wyeth** sem Hringur hefur bersýnilega lært allnokkuð af, en það kemur vel fram í sveitalífsmyndum hans svo og í myndinni „Mjólkurkælirinn“. Margur hefur gengið í smíðju **Andrews Wyeth**, einkum er varðar óviðjafnlega tækni hans t.d. í málun stráa í forgrunni mynda, heybólstra o.fl. er tengist sveitalífi.

En það er hægara sagt en gert að feta í fótspor þessa meistara og fjölskyldu hans, sem ræktar tæknina af sama ákafa og trúboðinn köllun sína og eru fulltrúar margs hins besta í amerískri menningu. Að ég nefni hér ekki einnig þá realista, sem hafa það að takmarki að gera myndir sínar raunverulegri sjálfum raunveruleikanum! — hina svo nefndu súperrealista nútímans. Einn þeirra, amerikamaðurinn **Philip Pearlstein** er þó með svipuðu marki brenndur og Hringur hvað snertir tilhneingingu til óvæntra sjónarhorna, en myndefni hans er annað og tækni í herra veldi.

Sennilega er alsendis óréttlátt að bera Hring saman við þetta listafólk með því að grundvöllur til samanburðar er hér næsta óraunhæfur. Hringur er öllu minna skólaður og hefur auk þess ekki komið út fyrir heimhaga og því aldrei staðið augliti til auglits við myndverk nútímarealista hvorki austan hafs né vestan.

Áhrif, sem fengin eru eftir krókaleiðum eða frá bókum, verða aldrei söm og bein miðlun, og líkast hefur Hringur staðið sig með sóma í sínum bestu myndum, með viðmiðun af þeirri staðreynd. Hér er tvímælalaust um eyðu að ræða á listferli Hrings, sem hann ætti að leitast við ráða bót á áður en lengra er haldið.

## Málverk og teikningar.

Myndir Hrings á þessari sýningu (51 olíumálverk og 43 teikningar) eru áberandi misjafnar að gæðum. Hinar bestu þeirra, svo sem nr. 18 — „Við

bakkann“, 20 — „Þoka á heiðinni“, 31 — „Hlöðugeisli“ 34 — „Hlöðuminning“, og 48 — „Mjólkurkælirinn“ virðast mér einum flokki ofar flestum annarra mynda hans á sýningunni. Myndin „Þoka á heiðinni“ er mjög einföld og áhrifarík og dregur fram bestur eigindi Hrings sem málara, form eru hér stór, einföld og hughrifa-

## Myndlist

eftir **BRAGA ASGEIRSSON**

rík. Annars virðist mér ljósmyndin mikill áhrifavaldur í list Hrings, sem er eðlilegt, og kemur það einna greinilegast fram í mynd þeirri er þrýðir forsiðu sýningarskrár, en ég sé ekki betur en að hér sé komin alþekkt mynd frá landhelgis-pataldrinum við Breta. — En ég á erfiðara með að skilja tilgang þess að staðsetja umferðarmerki (t.d. hætta—beygja) inn í myndir með ljóðrænu ívafi í málunarmáta, og gera það á þann hátt að umferðarmerkið er sem framandi hlutur í myndheildinni og tengist engum innri lífæðum myndflatarins nema þá bogalínu á hríslu, sem hrekkur skammt og áhrifin reynast því „þunnur þrettandi“. Hér skort-

ir eitthvað á sem undirstrikar andstæður en tengir þó ólík myndöfl, — svipað hefur verið áður gert, og ólíkt betur í nútíma-realisma, og hugmyndin er ekki frumleg.


Teikningar Hrings setja hlýlegan blæ á sýningu hans við fyrstu yfirsýn, en svo þegar nánar er rýnt kemur í ljós, að þær veikja frekar áhrifamátt hennar. Þær hefðu þurft að njóta næmari hlýleika en Kjarvalsstaðir hafa upp á að bjóða til að vinna sitt hlutverk eða a.m.k. mótaðri upphengingu, sem þó var máské útlökuð vegna annmarka lýsingarinnar.

## Hrifning og gagnrýni.

Fram hefur komið að sýning Hrings fellur mörgum vel í geð og er því ástæða til að samgöngast honum með hið góða gengi sýningarinnar. (Í Danmörk eru það tveir ungir realista, Kurt Trampendack og Klaus Have-menn, er njóta einna mestra vinsælda um þessar mundir).

— Hitt er líka rétt að komi fram, að mörgum starfsbræðra hans þykir hér ekki blóðmikill né úrskerandi realismi á ferð. Rétt er að hér er um lipur handtök og nostursamleg að ræða, og þótt ég persónulega kunni mjög vel að meta kyrrð á myndfleti er mér einnig ljóst að sú kyrrð þarf að vera í nánum tengslum við upprunans æð, sjálf grómögn nátturunnar — þá náttúru sem er svo nákvæm og ströng í smíð sinni. Þannig þarf hver sá, er æskir að túlka hana á raunsannan hátt, að setja sig inn í hennar ströngu lögmál, — hér á engin hálfvelgja heima.

Þessum línum vil ég ljúka með því að óska listamanninum góðs gengis í framtíðinni jafnframt því að hvetja hann til að halda utan og kynna sér af sjón og reynd verk helztu realista samtímans og þreifa á slagæðum þeirra.



Hringur Jóhannesson frá Haga í Aðaldal.



Jean-Pierre Jacquillat



Pina Carmirelli

## Sinfóníutónleikar

Háskólabíó 10. mars 1977

Stjórnandi: Jean-Pierre Jacquillat

Einleikari: Pina Carmirelli

Efnisskrá: W.A. Mozart: Sinfónía í g-moll nr. 40 K550

I. Stravinsky: Svíta úr „Eldfuglinum“

D. Shostakovitsj: Fiðlukonsert í a-moll op. 99

G-MOLL sinfónía Mozarts er ein dýrasta perla hins klassiska tímabils. Í verkinu birtast allir helstu og bestu kostir meistarans, glæsileiki og léttleiki, en um leið angurværo og djúp alvara, ásamt rökfastri úrvinnslu stefja, sem sum hver eru svo falleg og áleitun að þau gleymast ekki. Það veitist áreiðanlega engum auðvelt að túlka þetta víðfræga og margspilaða verk svo öllum líki, en Jean-Pierre Jacquillat er góður stjórnandi. Hann er laginn við að fá strengina til að syngja. Undir hans stjórn leikur hljómsveitin frísklega án þess að vera hranaleg, og blíðlega án þess að vera þunglamaleg. Að vísu var meðferð hans á Mozarts umdeilanleg í sumum tilvikum t.d. hvað varðar hraðaval, en jákvæðu hliðarnar voru margfalt fleiri g-moll-perlan glitraði og veitti birtu í hverja músíkelska sál. „Eldfugl“ Stravinsky er sérlega aðlaðandi verk. Stravinsky samdi þessa svítu snemma á listferli sínum, en á því finnst samt enginn viðvansbragur. Sumir þykjast þekkja handbragð kennara hans Rimsky-Korsakoff, en þá hefur lærisveinninn í engu staðið fræðara sínum að baki, og verkið er lítrikt,

## Tónlist

eftir **EGIL FRÍÐLEIFSSON**

hrynfjörugt og spennandi frá byrjun til enda. Strax í upphafi, þegar dularfullur ymur bassanna læðist um salinn ásamt sprellfjörugum dansi eldfuglsins sem á eftir kemur, vekur eftirvæntingu. Scherso-þátturinn reynir mjög á þolrif hljómsveitarinnar, sem hér sýndi hvers megnug hún er, þegar stjórnandinn er vanda sínum vaxinn. Leikur hljómsveitarinnar í Eldfuglinum var í heild mjög góður, og undirstrikar þörfina á að fá réttan leiðbeinanda í framtíðinni. Vonandi fáum við oftari notið ágættra hæfileika Jacquillat.

Ítalski fiðluleikarinn Pina Carmirelli fór með einleikshlutverkið í fiðlukonserti Shostakovitsj, er var sfóastur á efnisskránni. Í þessu tónverki hefur höfundur margt að segja og er mikið niðri fyrir. Verkið býður upp á átök og Carmirelli vann hverja lotuna af annari. Túlkun hennar bar öll merki hins reynda og þroskaða listamanns og meðferð hennar öll örugg og yfirveguð. Glæsilegur leikur Carmirellis hélt hugum áheyrenda fongnum til síðasta tóns — enda var henni ákaft fagnað í lokin. Þetta var einn af góðu dögnum hjá Sinfóníuhljómsveitinni. Vonandi fylgja fleiri á eftir.

Egill Friðleifsson.

## Til staðfestingar að ég hafi lesið

Mér fannst í fyrstu að ástæðulaust væri að eyða orðum að rit-smíð Þorsteins Gylfasonar í Morgunblaðinu 8. þ.m. Nú langar mig þó til að það geymist í Morgunblaðinu að ég hafi séð hana og lesið. Vona ég að sem flestir hafi gert það.

Gildi ritgerðarinnar er í mínum augum einkum það að hún sýnir hvað lærðum manni verður til-tækt þegar hann langar til að bæta hlut vina sinna sem dreymir um bjór og bjórstofur. Það skal tekið fram að ég kannaði strax hvort þjóðskráin vissi um annan mann en háskólakennarann með þessu nafni. Svo var ekki. Ritgerðin er að mínu viti líkust ölorum manns sem ekki virðist þó afar gáfaður.

Í tilefni af hugmyndum háskólakennarans um fundi bindindismanna vil ég ráðleggja honum að kynna sér það sem afi hans og nafni sagði um þá. Og þar sem maðurinn átti tvo afa má vísa honum á ritgerð sem heitir: Að kunna að drekka, og er eftir hinn afann. Og fyrst við vorum að tala um bjór má ekki gleyma hinni frægu þingræðu afans um bjór-málið 1932. Hún heitir: Áhrif öl-drykkju á aðra áfengisnautn.

Annar höfundur í Morgunblaðinu, Gunnar Jökull Hákonarson, telur það óttamerki hjá mér að ég merkti grein mína aðeins stöfum mínum. Nú er það svo að orð skulu metin eftir hver þau eru en

ekki hver segir. Samt merkti ég grein mína og Þorsteinn vissi hver ég var. En Gunnari Jökli skal ég segja það að ég heiti fullu nafni Halldór Kristjánsson og er oft kenndur við Kirkjuból.

Menn hafa verið að benda á það að áfengur bjór væri leyfður hér á landi. Þeir sem fara utan mega fletja áfengi heim með sér. Þetta væri slæmt misrétti. Það er satt og ég er þeim sammála. En ég vil laga þetta með því að taka fyrir þessar undanþágur.

## Dagvistunár stofnanir í Breiðholti

Á fundi félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar var nýlega fjallað um dagvistunarstofnanir í Breiðholti. Var þar samþykkt að skóladaheimili í Breiðholti I yrði á horni Blöndubakka og Arnarbakka, og blönduð dagvistarstofnun, dagheimili og leikskóli, yrði austan Arnarbakka.

Varðandi dagvistarstofnanir í Breiðholti II var samþykkt að leggja höfuðáhrerzlu á uppbyggingu tveggja deilda dagheimilis og skóladaheimilis í nágrenni verkamannabústaða.

Ennfremur var rætt um hvar til greina kæmi að hafa dagvistarstofnun í Breiðholti III, en ákvörðun ekki tekin.